



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 15. apríl 2026

Efni: Umsögn umboðsmanns barna um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd

Visað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um barnavernd, 580. mál. Frumvarpið var lagt fram á 157. löggjafarþingi. Umboðsmaður barna skilaði umsögn um frumvarpið í samráðsgátt þann 12. janúar 2026. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu og umboðsmaður fagnar því að tekið hafi verið tillit til ýmissa athugasemda sem embættið setti fram í áður nefndri umsögn en telur þó tilefni til að ítreka ákveðnar athugasemdir sem fram komu í fyrrgreindri umsögn.

Í nóvember 2025 kynnti mennta- og barnamálaráðuneytið til samráðs drög að nýjum heildarlögum um barnavernd. Í umsögn umboðsmanns barna, dags. 12. janúar 2026, kom fram að umboðsmaður telji varhugavert að falla frá því að kveða sérstaklega á um reglur um skráningu mála, leiðbeiningarskyldu, rannsókn, upplýsingaskyldu og andmælarétt í lögum um barnavernd en vísa þess í stað almennt til málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Umboðsmaður benti á að stjórnsýslulögin feli í sér almennar lágmarksreglur um málsmeðferð sem ætlað er að gilda þvert á stjórnsýsluna. Í núgildandi barnaverndarlögum er að finna sértækari og strangari reglur um málsmeðferð barnaverndarmála enda varða þau viðkvæm réttindi einstaklinga. Að mati umboðsmanns barna er þar um að ræða eðlilega útfærslu málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga í ljósi sérstöðu málaflokksins. Barnaverndarmál eru í eðli sínu bæði viðkvæm og íþyngjandi, enda geta ákvarðanir stjórnvalda haft djúpstæð áhrif á réttindi barns og fjölskyldu þess. Af þeim sökum er mikilvægt að málsmeðferð sé skýr, fyrirsjáanleg og sniðin að sérstöðu slíkra mála. Með því að kveða sérstaklega á um málsmeðferðarreglur í lögum um barnavernd myndast aukinn fyrirsjáanleiki auk þess sem réttaröryggi aðila eykst, enda liggur betur fyrir hvaða kröfur eru gerðar til stjórnvalda við meðferð einstakra málaflokka.

Þá er í drögum að frumvarpi til nýrra laga um barnavernd gert ráð fyrir áherslubreytingum vegna meginreglna barnaverndarstarfs og skyldna barnaverndaryfirvalda. Í núgildandi lögum er í 7. mgr. 4. gr. kveðið á um að barnaverndaryfirvöld skuli gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið sé til annarra úrræða. Slík meðalhöfssjónarmið koma ekki fram í frumvarpi til nýrra laga. Umboðsmaður barna telur að varhugavert sé, að draga úr þeim kröfum sem áður hafi verið gerðar til barnaverndaryfirvalda hvað þetta varði, en almennt hafi ríkari kröfur gilt um meðalhóf og rannsókn barnaverndarmála. Með því að kveða á um að almenn stuðningsúrræði skuli fyrst reynd er tryggt að inngrip gangi ekki lengra en þörf krefji og að minnst íþyngjandi úrræðið sé valið hverju sinni.

Enn fremur telur umboðsmaður barna rétt að benda á breytingar sem hafa orðið á 103. gr. í drögum frumvarpsins sem kveður á um útvistartíma barna. Í 4. mgr. ákvæðisins segir nú að á tímabilinu 1. júní til 1. september lengist tími skv. 1.-3. mgr. um tvær klukkustundir en tími skv. 2. mgr. um eina klukkustund. Til þess að koma í veg fyrir misskilning væri rétt að afmarka það skýrlega að lengingin um tvær klukkustundir taki einungis til 1. og 3. mgr. í stað 1. til 3. mgr.

Í greinargerð með umræddu frumvarpi kemur fram að undanfarið hafi verið mikil samfélagsumræða um börn í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda. Í þeirri umræðu hafi komið fram gagnrýni á fyrirkomulag fósturs og því hafi verið ákveðið að gera úttekt á stöðu fósturmála hérlandis. Umboðsmaður barna telur tilefni til að taka undir sjónarmið annarra umsagnaraðila að betur færi á því að niðurstöður úttektar á stöðu fósturmála hér á landi myndu liggja fyrir áður en frumvarp þetta verður samþykkt enda gæti niðurstaða þeirrar úttektar kallað á breytingu á lögunum.

Embætti umboðsmanns barna telur jákvætt að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því nýmæli að börn geti verið vistuð utan heimilis á heilbrigðisstofnun ef talin er þörf á að veita barni nauðsynlega heilbrigðisþjónustu á viðeigandi heilbrigðisstofnun. Þá sé það til bóta að skýrt sé kveðið á um að heilbrigðisþjónusta sem börn njóta í vistunarúrræðum barnaverndar falli undir heilbrigðislöggjöf. Jafnframt er jákvætt að starfsfólk vistunarúrræða og heilbrigðisstarfsmönnum sé heimilt að miðla nauðsynlegum upplýsingum sín á milli um barnið. Slíkt upplýsingaflæði er forsenda þess að hægt sé að veita heildstæða, samræmda og örugga þjónustu sem tekur mið af þörfum barnsins hverju sinni.

Að endingu ítrekar umboðsmaður barna mikilvægi þess að settar verði nauðsynlegar reglugerðir sem lögin gera ráð fyrir, og að þær taki gildi samhliða gildistöku laganna. Verulega hefur skort þar á hingað til þar sem nauðsynlegar reglugerðarheimildir hafa ekki verið nýttar og núgildandi reglugerðir ekki verið uppfærðar í takt við breytt lagaumhverfi. Reglugerðir gegna lykilhlutverki við að útfæra nánar framkvæmd laganna og að tryggja að þau verði raunhæf í framkvæmd frá fyrsta degi. Verði dráttur á setningu slíkra reglugerða getur það leitt til réttaróvissu, ósamræmis í framkvæmd og torveldað stjórnvöldum að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögunum. Af þeim sökum er æskilegt að tryggt sé, eftir því sem kostur er, að nauðsynlegar reglugerðir liggi fyrir við gildistöku laganna, þannig að samræmi og fyrirsjáanleiki ríki um framkvæmd þeirra frá upphafi.

Að öllu framangreindu virtu hvetur umboðsmaður barna til þess að frumvarpið verði endurskoðað með framangreind sjónarmið um hagsmuni og réttindi barna í huga.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Salvör Nordal". The signature is written in a cursive, flowing style.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna